

Stofndeild vísindasjóðs.**Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. desember 1966.**

Gjöld :	
Hreinar tekjur	kr. 302 554.00
	<hr/> Kr. 302 554.00
Tekjur :	
Framlag úr vísindasjóði	kr. 199 579.00
Vextir	— 102 975.00
	<hr/> Kr. 302 554.00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1966.

Eignir :	
Innstæða á hlr. nr. 3103 við Seðlabanka Íslands	kr. 1 439 225.82
Menningarsjóður ógr. framlag	— 17 500.00
	<hr/> Kr. 1 456 725.82
Skuldir :	
Höfuðstóll 1. jan. 1966	kr. 1 154 171.82
Tekjur skv. rekstrarreikningi	— 302 554.00
	<hr/> kr. 1 456 725.82
	<hr/> Kr. 1 456 725.82

Reykjavík, 20. janúar 1967.

Snorri Hallgrímsson,
formaður.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf dags. 31. jan. 1967.

Snorri Hallgrímsson,
formaður.

Nr. 96.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS**Efnahagsreikningur 31. desember 1966.**

Eignir :	
1. Útlán gegn 1. veðrétti í skipum	kr. 1 046 728 503.00
2. Fasteignalán	— 30 262 514.00
3. Innlend skipasmíði (lán og innstæður)	— 45 300 000.00
4. Fasteignalán PL 480	— 26 330 000.00
5. Verðbréf	— 3 973 277.00
6. Ýmsir skuldunautar	— 3 088 117.76
7. Bankainnstæða	— 145 036 375.46
	<hr/> Kr. 1 300 718 787.22

Skuldir :

1. Skuldir í erlendri mynt	kr.	105 127 785.16
2. Seðlabanki Íslands	—	40 000 000.00
3. Framkvæmdabanki PL 480	—	28 948 310.00
4. Innstæður lántakenda	—	392 035 784.00
5. Viðskiptamenn	—	833 314.94
6. Stofnsjóður	—	710 000 000.00
7. Afskriftareikningur	—	23 000 000.00
8. Yfirfært til næsta árs	—	773 593.12

 Kr. 1 300 718 787.22

Reykjavík, 31. desember 1966.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS**Jóhannes Elíasson.****Finnbogi Rútur Valdimarsson.****Jónas G. Rafnar.****Elías Halldórsson.**

Reikning þennan höfum við endurskoðað og horið saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 21. febrúar 1967.

Sverrir Júlíusson. Einar Bjarnason.

6. júní 1967.

Nr. 97.

REGLUGERÐ

um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Í verksmiðjum má ekki nota nitritefni (hrein efni eða blöndur) við geymslu á síld, loðnu eða öðrum bræðslufiski, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiski-
iðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notk-
unarreglum er ekki fylgt.

2. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna verður því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjón-
ustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur auk þess
frankvæmt nitritákvæðanir á hráefni og mjöli. Þá verður verksmiðjan einnig að
hafa umráð yfir nauðsynlegum tækjum og áhöldum, sem nota þarf við skömmtun,
töku sýnishorna og efnagreiningar.

3. gr.

Hráefni, sem unnið skal innan 7 daga frá löndun, er óheimilt að rotverja.

Á tímabilinu frá 1. júní til 15. september ár hvert skal þó heimilt að rotverja
hráefni, sem geymt skal lengur en fjóra daga frá löndun.